



9. fundur í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 1. febrúar 2017

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Ólafur Thoroddsen (ÓTh), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Geirarður Long (GL), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Yfirlýsing aðalstjórnar v. knattspyrnuhúss

Aðalstjórn sendir Mosfellsbæ formlegt erindi frá félaginu með hugmyndum að nýrri tillögu er varðar aðstöðu fyrir knattspyrnudeildina sem stjórn knattspyrnudeildar og mannvirkjanefnd Aftureldingar hefur samþykkt. Yfirlýsing var kynnt og rædd á fundinum og í framhaldinu samþykkt.

2. Endurmenntun þjálfara, Erindi og Sýnum karakter

Afturelding tekur þátt í verkefninu Sýnum karakter sem er á vegum ÍSÍ.

Til stendur að halda þjálfarafund þar sem verkefni Sýnum karakter og Erindi verða kynnt. Þessi verkefni kalla á ný vinnubrögð og hugsun ásamt meiri stuðningi við þjálfara í þeirra starfi.

Skuldumæting þjálfara verður á þennan fund og reynt að finna dagsetningu sem hefur sem minnst rask í för með sér fyrir félagið. Fræðslukvöldið verður haldið 10. febrúar kl 17.30 í hátíðarsal Varmárskóla.

Að loknum fyrirlesturum býður aðalstjórn þjálfurum og stjórnarfólki upp á léttar veitingar.

3. Dagsetning aðalfundar

Aðalfundur verður haldinn fimmtudaginn 30. mars.

4. Formannafundur

Formannafundur verður haldinn 15. febrúar

5. Sjúkrakostnaður

Íþrótt- og slysasjóður hjá ÍSÍ endurgreiðir ef um slys er að ræða. Kostnaður deilda hljóp á milljónum á síðastliðnu ári.

Ákveðið að móta reglur sem deildir geta haft hjá sér. Farið yfir hvernig önnur félög gera þetta. Jón Júlíus ætlar að útbúa verklagsreglur til að einfalda ferlið. Verður kynnt á formannafundi í febrúar.

6. Heimsókn DK

Sérfræðingar í bókhaldskerfinu DK heimsækja skrifstofuna 2. febrúar, fara í gegnum hvernig kerfið er notað, hvaða nýjungar hafa komið fram og hvaða möguleika við getum nýtt okkur.

7. Stefnumótun félagsins

Skrifstofan er búin að fá tilboð frá tveimur aðilum um að leiða stefnumótunarvinnu Aftureldingar.

Tilboðin skoðuð og metin. Samþykkt að taka hagstæðara tilboðinu.

8. Önnur mál

Tvö erindi frá fimleikadeild tekin fyrir. Annað erindið varðar endurskoðun á úthlutun á rekstrarstyrki til fimleikadeildar. Verður tekið fyrir og rætt innan félagsins.

Hitt erindið varðaði skiptingu á sumarstarfsmönnum milli deilda. Erindinu vísað til framkvæmdaráðs.

Fjármál Aftureldingar:

Farið yfir fjárhagsstöðu deilda og aðalstjórnar.

Töluverðar fjárhæðir eru útistandandi hjá aðalstjórn eftir haustið vegna marga beiðna um launalán og fjárhagslega aðstoð.

Farið verður í að innheimta lánin en það verður gert í samráði við hverja þá deild sem um ræðir.

Fundi slitið kl 19.55

Kristrún Kristjánsdóttir

(sign).